

Samtök um kvennalista
Austurstræti 16,
101 Reykjavík.

17.11.97

Undirrituð, Sigríður Lilly Baldursdóttir, segi mig hér með úr Kvennalistanum og bið um að nafn mitt verði fjarlægt af póstlistum samtakanna.

Til Kvennalistans var stofnað til að vinna að kvenfrelsi og lögð var áhersla á að hann væri hvorki til vinstri né til hægri heldur nýtt róttækt stjórnmálaafl sem setti spurningar við alla gerð stjórnmálanna sem og innihald þeirra.

Kvennalistinn lagði áherslu á gagnýna umræðu, hann riðlaði málefnavali stjórnmálanna og ruglaði menn í rýminu með því að tala óhikað um það sem stendur fólkis næst og skiptir það mestu máli. "Mjúku málín" sem í raun eru hördust mála ef harkan mælir mikilvægi málaflokka, voru efst á málefnavista Kvennalistans. Þá brutu Kvennalistakonur í blað með því að taka afstöðu til mála út frá eigin sannfæringu og létu í léttu rúmi liggja hvort þau komu frá stjórn eða stjórnarandstöðu.

Kvennalistinn tók einnig áður afskipt málefni til skoðunar á vettvangi stjórnmálanna og benti jafnframt á samsþú málaflokka í flóknu samfélagi þar sem sérhver ákvörðun getur haft viðtæk óbein áhrif langt út fyrir þann vettvang sem henni er ætlað að taka til.

Í Kvennalistanum var lögð rækt við ný vinnubrögð í stjórnmálum, áhersla var lögð á að velta upp öllum hugsanlegum flötum máls áður en afstaða yrði tekin og niðurstaða fengin. Ekkert var tekið sem gefið, hvað finnst mér, hver er reynsla míin, hver er sameiginleg reynsla kvenna? - voru grundvallarspurningar og við afmörkun ákvörðunar eða niðurstöðu var ætlað haft að leiðarljósi hvaða áhrif hún kynni að hafa á líf kvenna og þá um leið annarra.

Kvennalistinn hefur þegar haft mikil áhrif í íslensku samfélagi og á stjórnmálaumræðu hér á landi, en ef til vill eru áhrif Kvennalistans í öðrum löndum miklu stórfenglegri. Hægt væri að benda á fjölmargt því til staðfestingar.

Á alþjóðlegum fundum um málefni kvenna heyrist úr ótrílegum áttum vísað til stórkostlegs framlags íslenskra kvenna í réttindabaráttu kvenna og þar er íslenska Kvennalistans undantekningalitið sérstaklega getið. Íslendingar standa vissulega framarlega í jafnréttismálum og hvað formleg réttindi kvenna varðar þá var Ísland í fararbroddi allra þjóða í síðustu úttekt UNDP. Svíþjóð er hins vegar fremst í flokki landa þegar raunverulegt jafnrétti kynjanna er skoðað. Sérstaka athygli hefur vakið að í Svíþjóð er ríkisstjórm skipuð konum og körlum til helminga og konur eru 40% þingmanna þar í landi. Meiri athygli hlýtur það að vekja að það var tilvist Kvennalistans á Íslandi sem varð til þess að hlutur kvennanna í Svíþjóð varð svo góður sem raun ber vitni.

Sambætting (mainstreaming) er sérstök aðferð sem hefur hlotið fylgi á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, í Evrópuráðinu, hjá Evrópusambandinu og í norrænu samstarfi. Í anda sambættingar eru ýmsar aðgerðir lagðar til til þess m.a. að gæta sjónarmiða kvenna í ákvarðanatöku og til að tryggja að ákvarðanir komi ekki niður á konum. Sambættingarhugmyndin er mikilvægt tæki í réttindabaráttu kvenna og vissulega er

mikilvægt að nýta það til fulls í íslenskri stjórnsýslu en tækið er ekki nýtt hér á landi heldur einungis hluti þess tóls sem Kvennalistinn lagði til á sínum tíma og kallaði vinnubrögð. Til marks um það tryggir sambætting m.a. ekki að gagnrýninna spurninga sé spurt í öllu ákváðanaferlinu né heldur að viðfangsefni stjórmálanna séu sifellt til endurskoðunar með kvenfrelsi fyrir augum. En nú bregður þó svo við að endurómunin að utan, sambætting, er hugljórumunin stóra hjá "hópi Kvennalistakvenna" sem verið hefur í viðræðum við A-flokkana um sameiginlegan málefnagrundvöll.

Kvennalistinn var mikilvæg og öflug hreyfing sem hefur markað mikilvæg spor en nú sýnist mér að sannast hafi eina ferðina enn að stuttur líftími er lögmál sem alla jafna gildir í kvennahreyfingunni.

"Hópur Kvennalistakvenna" hefur á landsþingi Kvennalistans fengið samþykkta tillögu sína um að Kvennalistinn taki þátt í viðræðum um sameiginlegan málefnagrundvöll Kvennalista, Jafnaðarmanna, Alþýðubandalags og annarra hópa, vegna Alþingiskosninga vorið 1999. Engin vissa er fyrir því að viðræðurnar leiði til viðunandi niðurstöðu. "Hópur Kvennalistakvenna" hlýtur þó að hefja súkar viðræður af heilindum. Með því að krefjast umboðs Kvennalistans alls með landsfundarsamþykkt hefur hópurinn því í krafti 22 atkvæða munar þvingað Kvennalistann til vinstri í stjórnmálum. Í minnum huga skiptir þó mestu að "hópur Kvennalistakvenna" hefur í aðgerðum sínum langt í frá haft í heiðri vinnubrögð Kvennalistans. Í vinnubrögðunum okkar var að mínu mati fólginn lífskrafftur Kvennalistans, þau voru hjarta hans og lifæð og þau gerðu Kvennalistann umfram allt annað að því sterka afli sem hann var.

"Hópur Kvennalistakvenna" fer með nafn Kvennalistans með sér í viðræðurnar við flokkana en hann fer ekki með fjölegg hans því það var brotið á landsfundi Kvennalistans við Úlfhljótsvatn í gær.

Virðigarfyllst,

Sigríður Lilly Baldursdóttir

Afrit sent þingflokk Kvennalistans.